

Alþingi
Erlindi nr. P 132/1391
komudagur 21.3.2006

Akureyri 20. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umfjöllun stjórnar Norðurlandsskóga um Frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt

Stjórn Norðurlandsskóga lýsir yfir ánægju sinni með framkomið frumvarp og leggur áherslu á að það verði samþykkt óbreytt nema með tveimur undantekningum er varða 5. grein og 6. grein.

Athugasemdir við 5. gr. Stjórn Norðurlandsskóga leggur til að skipan stjórnar verði óbreytt frá því sem nú er. Mikilvægt er að halda sjálfstæðri stjórn heimamanna vegna staðþekkingar og tengsla við atvinnulíf. Starfssvæði Norðurlandsskóga er stórt og mikilvægt að stjórnarmenn komi sem víðast að af Norðurlandi til að halda tengslum við bændur á svæðinu öllu. Jafnframt er mikilvægt að skógræktarfélagin eigi fulltrúa í stjórn til að tengjast sem best þeirra áratuga skógræktarreynslu.

Athugasemdir við 6. gr. Stjórn Norðurlandsskóga telur ekki ástæðu til að tilgreina sérstaklega á samningi um hvers konar meginmarkmið skógræktar er að ræða. Mörg ólík skógræktarmarkmið geta verið á sömu jörðinni. Einnig geta markmið breyst yfir tíma og ef forsendur breytast. Stjórnin telur ekki ástæðu til að þinglýsa samningum um skjólbelti á þá fasteign sem hann tekur til. Ræktun skjólbelta er um margt skyld jarðrækt, markmið þeirra er fyrst og fremst skjólmyndun, vaxtarhraði er meiri og líftími er styttri en í skógrækt.

F.h. stjórnar Norðurlandsskóga



Brynjar Skúlason
Framkv.st. Norðurlandsskóga